

Dýrabein í rofsári
í
Keravík í Súgandafirði

Albína Hulda Pálsdóttir
Eypór Eðvarðsson



Dýrabein í rofsári í Keravík í Súgandafirði

Albína Hulda Pálsdóttir
Eypór Eðvarðsson

Apríl 2016
Landbúnaðarháskóli Íslands

© Albína Hulda Pálsdóttir, Eyþór Eðvarðsson og Landbúnaðarháskóli Íslands 2016

Dýrabein í rofsári í Keravík í Súgandafirði

Rit Lbhí nr. 68

Útgefandi: Landbúnaðarháskóli Íslands

Útgáfustaður: Reykjavík

ISSN 1670-5785

ISBN 978-9979-881-37-7

Efnisyfirlit

Myndaskrá	2
Tilgangur	3
Staðsetning	3
Aðferðafræði	4
Greining	4
Niðurstaða	8

Myndaskrá

Mynd 1: Rauða örin bendir á Keravík í Súgandafirði. Atlaskort af vef Landmælinga Íslands.	3
Mynd 2: Horft yfir Keravík í Súgandafirði. Ljósmynd Eyþór Eðvarðsson, apríl 2016.	4
Mynd 3: Fyrir miðri mynd má sjá bein sem stendur út úr rofinu. Erfitt er að greina það með vissu en þarna er hugsanlega hluti af mjaðmagrind, gæti verið úr stórgrip (nautgrip eða hrossi) eða sel. Ágætlega varðveitt, en beinið virðist vera farið að veðrast af því að standa út úr rofinu. Ljósmynd Eyþór Eðvarðsson, apríl 2016.....	5
Mynd 4: Fyrir miðri mynd má sjá vel varðveitt höfuðbein úr fiski, líklega þorski. Ljósmynd Eyþór Eðvarðsson, apríl 2016.	5
Mynd 5: Herðablað (e. scapula) úr kind eða geit. Mjög vel varðveitt. Ljósmynd Eyþór Eðvarðsson, apríl 2016.....	6
Mynd 6: Líklega höfuðbein úr fiski en erfitt að greina með vissu af myndinni. Virðist vera mjög vel varðveitt. Ljósmynd Eyþór Eðvarðsson, apríl 2016.	6
Mynd 7: Fjærendi af lærlegg úr stórgrip (nautgrip eða hrossi). Líklega úr dýri sem ekki er fullvaxið, virðist vera laus beinendi. Mjög vel varðveitt. Ljósmynd Eyþór Eðvarðsson, apríl 2016.	7
Mynd 8: Fyrir miðri mynd til vinstri er rifbein úr stórgrip, til hægri er brot úr langbeini úr stórgrip, einnig sjást á myndinni fiskibein. Allt mjög vel varðveitt. Ljósmynd Eyþór Eðvarðsson, apríl 2016.....	7

Tilgangur

Tilgangur þessarar skýrslu er frumgreining á dýrabeinum sem sáust í rofsári í Keravík við Súgandafjörð í apríl 2016. Greiningin var gerð af Albínu Huldu Pálsdóttur, dýrabeinafornleifafræðingi við Landbúnaðarháskóla Íslands, þriðjudaginn 26.04.2016. Eyþór Eðvarðsson fór á staðinn í apríl 2016 og tók myndir af svæðinu.

Staðsetning



Mynd 1: Rauða örin bendir á Keravík í Súgandafirði. Atlaskort af vef Landmælinga Íslands.

Beinin sem fjallað er um hér voru sjáanleg í rofabörðum í Keravík í Súgandafirði Mynd 1. Á meðfylgjandi ljósmynd (Mynd 2) sést í það litla sem eftir er af sléttlendinu sem liggur að ánni. Þegar Eyþór var að alast upp var svæðið a.m.k. 10 metrum lengra út í fjöruna. Í þessu litla rofsári sem sjáanlegt er efst í fjöruborðinu fundust beinin. Magn beina á svæðinu kom á óvart miðað við að þetta eru bara nokkrir metrar og jarðlög mjög þunn. Hinum megin við ána í fjarska á myndinni sjást verbúðirnar undir snjóskaflinum sem allar eru farnar að skemmast. Fornleifafélag Súgandafjarðar er búið að kortleggja allar sjóbúðirnar við hliðina á svæðinu og það hnit sem er hvað næst rofinu sem beinin fundust í er er ISNET hnit E293669 N632671, fengið frá Agli Ibsen.



Mynd 2: Horft yfir Keravík í Súgandafirði. Ljósmynd Eyþór Eðvarðsson, apríl 2016.

Aðferðafræði

Hér er aðeins um að ræða grófgreiningu á dýrabeinum út frá ljósmyndum. Notast var við samanburðarsafn Landbúnaðarháskóla Íslands. Ekki er hægt að ábyrgjast að greining sé rétt þegar bein eru aðeins greind út frá ljósmyndum en þó er hægt að fá hugmynd um varðveislu beinanna og minja- og verndargildi ruslahaugisins með slíkri greiningu.

Greining

Bein voru greind af sex ljósmyndum. Á þeim mátti sjá fiskibein (Mynd 4 og Mynd 8), bein úr kindum/geitum (Mynd 5) og stórgripum (nautgripum eða hrossum) (Mynd 3, Mynd 7, og Mynd 8).

Öll eru beinin afar vel varðveitt og væri hægt að greina þau nánar ef farið væri í uppgröft á svæðinu.



Mynd 3: Fyrir miðri mynd má sjá bein sem stendur út úr rofinu. Erfitt er að greina það með vissu en þarna er hugsanlega hluti af mjaðmagrind, gæti verið úr stórgrip (nautgrip eða hrossi) eða sel. Ágætlega varðveitt, en beinið virðist vera farið að veðrast af því að standa út úr rofinu. Ljósmynd Eyþór Eðvarðsson, apríl 2016.



Mynd 4: Fyrir miðri mynd má sjá vel varðveitt höfuðbein úr fiski, líklega þorski. Ljósmynd Eyþór Eðvarðsson, apríl 2016.



Mynd 5: Herðablað (*e. scapula*) úr kind eða geit. Mjög vel varðveitt. Ljósmynd Eyþór Eðvarðsson, apríl 2016.



Mynd 6: Líklega höfuðbein úr fiski en erfitt að greina með vissu af myndinni. Virðist vera mjög vel varðveitt. Ljósmynd Eyþór Eðvarðsson, apríl 2016.



Mynd 7: Fjærendi af lærlegg úr stórgrip (nautgrip eða hrossi). Líklega úr dýri sem ekki er fullvaxið, virðist vera laus beinendi. Mjög vel varðveitt. Ljósmynd Eyþór Eðvarðsson, apríl 2016.



Mynd 8: Fyrir miðri mynd til vinstri er rifbein úr stórgrip, til hægri er brot úr langbeini úr stórgrip, einnig sjást á myndinni fiskibein. Allt mjög vel varðveitt. Ljósmynd Eyþór Eðvarðsson, apríl 2016.

Niðurstaða

Miðað við þau bein sem sjást á þessum myndum má ætla að í Keravík í Súgandafirði sé ruslahaugur þar sem varðveisla dýrabeina er mjög góð. Full ástæða er til að skoða ruslahauginn nánar, til dæmi með borunum til að fá betri hugmynd um umfang hans. Uppgröftur svæðinu gæti skilað dýrabeinasafni sem gæti gefið miklar upplýsingar um lífnaðarhætti á staðnum, umhverfisaðstæður og fleira. Sjávarrof er að eyða minjum á svæðinu hratt svo nauðsynlegt er að fara í að vernda minjarnar þar eða rannsaka þær áður en þær hverfa.